

## Eru bólusetningar til heilsubótar?

Umframdánartíðni er um þessar mundir staðreynd á Vesturlöndum. Það virðist mega álykta, að hún sé tengd þeim ofboðslegu bólusetningum gegn covid-19, sem yfirvöld þvinga okkur til að þiggja. Marga rekur í rogastans yfir dánartíðninni, stöðugu smiti covid-19 veirunnar og ofurháu hlutfalli bólusettra meðal látinna (af völdum) veirunnar.

Rannsóknir óháðra vísindamanna leiða í ljós þá staðreynd, að aukaverkanir séu margvíslegar, andlát þar meðtalin. Færð hafa verið veigamikil rök fyrir því, að umrædd RNA-bóluefni hafi áhrif á erfðavísa líkamans (DNA) og veiki ónæmikerfi hans. Í bóluefnablöndunni hafa uppgötvast fjölmörg aðskotaefni, sem eru skaðleg heilsu manna. Sömuleiðis hefur komið í ljós, að broddhvítan (spike protein) dreifist um allan líkamann og safnast fyrir í vefjunum.

Það var frá upphafi covid-19 bólusetninga ljóst, að um tilraunaefni væri að ræða. En því var haldið leyndu fyrir almenningi, að í raun ætti hann rétt á því að gefa upplýst samþykki (enda þótt fátt væri upplýst). Vísindafúsk við prófun efnanna hefur verið augljóst frá upphafi og stjórnvöld hafa dregið fjöður yfir hættuna við notkun þeirra.

Lyfjafyrirtæki, fjölmiðlunarrisar og stjórnvöld, hafa sameinast um áróður fyrir notkun umræddra bóluefna - sem eru reyndar fremur lyf að telja – og hafa lagt sig í líma við að þagga niður gagnrýnisraddir, meira að segja þeirra, sem andæfa notkun þeirra á reifabörn. Gagnrýnendum er útskúfað og þeir missa vinnu sína. Vefsíðum gagnrýnenda er lokað, mannorð þeirra svert. Hagsmunatengsl framleiðenda, stjórnvalda og stjórnámálanna hafa víða verið opinberuð. Breski læknirinn, Vernon Coleman (f. 1946), talar um hina vanhelgu þrenningu lækna, lyfjafyrirtækja og stjórnámálanna.

Hlýðni okkar, tilraunadýranna, við yfirvöld, áróður, blekkingar og tilskipanir þeirra á flestum sviðum mannlífsins, er með hreinum ólíkindum. Stjórnvaldsaðgerðir hafa verið í anda Adolf Hitler: „Það er gæfa stjórnvalda, að fólk velti ekki vöngum.“

Í covid-19 faraldrinum hafa stjórnvöld lýðræðisríkja sótt innblástur til Adólfs og stjórnvalda Vesturlanda á tímum spænsku veikinnar, þ.e. þvingunaraðgerðir gegn þeim, sem vildu hlífa sér við bólusetningum. Ný rannsókn á þessum hópi, meðan á versta veirufárinu stóð, sýnir, svo ekki verður um villst, að hinum óhlýðnu farnaðist yfirleitt vel. Veiran var þeim ekki skeinuhætt, heldur þvingunaraðgerðir stjórnvalda.

(Self-Selected COVID-19 „Unvaccinated“ Cohort Reports .... Birtist í: International J. o. Vaccine Theory, Practice, and Research).

Ofangreind reynsla vekur til umhugsunar um fyrri tíma bólusetninga og sjúkdóma. Þjóðsagan segir, að bólusetningar barna hafi skipt sköpun um útrýmingu fjölda sjúkdóma. Vernon Coleman, bendir hins vegar á, að útrýmingu þráláttra sjúkdóma megi að mestu rekja til heilbrigðara lífennis, hreinlætis og hollustu. Þetta á t.d. við um kíghósta (pertussis), stígkrampa (tetanus), barnaveiki (diphtheria), bólusótt (smallpox), berkla (tuberculosis) og mænusótt (lömunarveiki – polio).

Önnur þjóðsaga segir, að bólusetningar séu hættulausar eða því sem næst. Lýðum er þó ljóst, að svo sé engan veginn. Reyndar staðhæfðu stjórnvöld einmitt þetta, þegar almúginn var særður til að taka við covid-19 bóluefnunum. Það er einnig alkunna, að þolendum hafa víða verið greiddar bætur vegna skaðsemi bólusetninga, þar með taldar bólusetningar við flensu. Sums staðar hefur bólusetningum verið hætt af þessum sökum.

Fyrirnefndur Vernon Coleman minnir á nokkur atriði um bólusetningar, áður en áhlaupið með covid erfðatilraunalyfinu, sem hann kallar svo, átti sér stað:

„[S]umar hinna hefðbundnu bólusetninga drepa og laska fleira fólk heldur en sjúkdómurinn, sem bólusettt er fyrir; nauðsynlegar rannsóknir á öryggi bólusetninga hafa ekki verið gerðar; margar bólusetningar eru sorglega gagnlausar; lækningar, sem tala gegn bólusetningum missa lækningaleyfi sitt; meginstraumsfjölmiðlar (corporate media) og bandamenn þeirra í netheiminum leyfa ekki umræðu um bólusetningar.“ (Sjá einnig bók hans: Vaccines Are Dangerous – And Don't Work.)

Samkvæmt ofangreindum er heldur ekki að finna neinar haldgóðar rannsóknir á því; hvernig bóluefnin virka á líkamann, ásamt hinum ýmsu lyfjum; hvernig lyf virka saman og hvernig lyf geti stuðlað að því, að sjúklingum elni sóttin - og jafnvel látið lífið. T.d. hefur verið sett fram tilgáta um það, að aspirín hafi einmitt haft slík áhrif á spænsku veikina (flensa, sem kviknaði í Bandaríkjunum undir fyrsta heimsstríði). Sama gæti átt við um bóluefni við kíghósta, sbr. reynslu Indverja. Þess má einnig geta, að árið 1992 tapaði lyfjarisinn, Wellcome, málsókn Margaret Best vegna eitrunaráhrifa bóluefnis við kíghósta, sem laskaði barn hennar varanlega.

En við getum litið okkur nær í sögunni til að sjá slíkan vitnisburð, sbr. lyfið Pandemrix við svínaflensu, Alival við þunglyndi, Zantac við magaveikindum og svo framvegis. Lyfjafyrirtækin setja stöðugt nýjar vörur á markað og beita ítökum sínum og áhrifum í

stjórn- og embættismannakerfi til að selja þau skattgreiðendum. Það nýjasta er sjálfdreifingar- eða smitbóluefni.

Títtnefndur Vernon Coleman bendir á, að þessar aukaverkanir meðal annarra gætu stafað af bólusetningum: „Heilaskaði, lömun, sársauki, sóttthiti, svimi, meltingartruflanir, lystarleysi, óeirð, höfuðverkur, lympa (lasleiki/malaise), ofnæmisviðbrögð, stygglyndi, kláði, Bell Palsy sjúkdómur (lömun andlitsvöðva) og Guillain-Barré heilkenni (bólgur í úttaugakerfi í kjölfar árásar ofnæmiskerfis) og krampar.

Það eru vissulega fleiri en ég, sem undrast stöðu heilbrigðismála í veröldinni. David Bell við Brown stofnunina, er annar, sem féll í stafi:

„Það er í grundvallaratriðum eitthvað bogið við lýðheilbrigðisþjónustuna. Nánar tiltekið hefur eitthvað mikilvægt farið úrskeiðis í hugarfari heilbrigðisstarfsmanna á heimsvísu, sérstaklega stjórnenda. Það er orðið alvanalegt að tala, endurtaka, og berjast fyrir algjörum fáránleika, rétt eins og sjónhverfingin væri veiruleikinn sjálfur. Það eru engin viðurlög við því að hegða sér þannig. Þvert á móti hefur sannast, að það sé býsna árangursríkt.

Fullyrðingar, sem bera greinilegan vott um vitsmunaskort, eru orðnar forsendur starfsframa og viðurkenningar jafningja. Það er engu líkara en að við lifum í hugvillu, nema [auðvitað] þeir, sem hún drepur. ... Enn þá leggur fólk trúnað á, að sérfræðingar í fjölmiðlum tali í alvöru og sé trúverðugt fólk. Atvinnumenn, sem haga sér á þennan hátt, eru annað tveggja sárlasnir og óöruggir með sig eða verulega illa innrættir.“

Vernon Coleman: „Að mínum dómi er lyfjaiðnaðurinn skipaður andstyggilegum fyrirtækjum, sem rekin eru af andstyggilegu fólki, fólki, sem svífst einskis og hugsar bara um peninga, en lætur fólk sig engu skipta.“

Verum minnug orða bandaríska rithöfundarins, Upton Beall Sinclair (1878-1968): „Það er örðugt að leiða manni fyrir sjónir, ef hann þiggur laun fyrir að loka augunum.“

Og orða franska heimspekingsins og skáldsins Francois-Marie Arouet (Voltaire 1694-1778): „Þeir, sem telja þér trú um fásinnu, geta fengið þig til að fremja voðaverk.“

<https://ijvtpr.com/index.php/IJVTPR/article/view/43>

<https://www.anti-spiegel.ru/2022/wer-bekommt-eigentlich-all-die-milliarden-die-die-eu-fuer-den-kampf-gegen-covid-19-ausgibt/>

<https://expose-news.com/2022/02/17/pfizergate-world-wide-coverup-covid-vaccines-cause-vaids/>

<https://markcrispinmiller.substack.com/p/wake-up-1000-studies-have-confirmed?s=r>

<https://expose-news.com/2022/02/12/covid-vaccinated-became-gmo-humans/>

<https://hatchardreport.com/frontiers-of-knowledge-understanding-the-higher-functions-of-genetic-structures-paired-with-human-consciousness/>

<https://stevekirsch.substack.com/p/the-evidence>

<https://www.mdpi.com/1467-3045/44/3/73/htm>

<https://www.upi.com/Archives/1993/05/12/Wellcome-loses-whooping-cough-vaccine-case/8898737179200/>

[https://metatron.substack.com/p/covid-outcomes-in-the-unvaccinated?utm\\_source=profile&utm\\_medium=reader2](https://metatron.substack.com/p/covid-outcomes-in-the-unvaccinated?utm_source=profile&utm_medium=reader2)

[https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=4206070](https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=4206070)

<https://medium.com/@joakimblarsen/the-dark-history-of-vaccines-c6c0e37944d4>

<https://expose-news.com/2022/02/16/scientific-evidence-proves-covid-vaccines-cause-aids/>

<https://hatchardreport.com/the-strange-case-of-the-gates-foundation-the-us-cdc-and-our-nz-health-data/>

<https://expose-news.com/2022/09/26/pfizer-admits-covid-vaccine-destroys-immune-system/>

<https://www.nrk.no/norge/forbederer-ny-massevaksinering-1.8000776>

<https://www.visir.is/g/2019190928734>

<https://hatchardreport.com/the-strange-case-of-the-gates-foundation-the-us-cdc-and-our-nz-health-data/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/brent-wisner-rfk-jr-drugmakers-knew-zantac-caused-cancer/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=d7346b6c-cd3d-4651-80bb-7171ca3e8c20](https://childrenshealthdefense.org/defender/brent-wisner-rfk-jr-drugmakers-knew-zantac-caused-cancer/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eid=d7346b6c-cd3d-4651-80bb-7171ca3e8c20)

<https://brownstone.org/articles/contagious-vaccines-a-warning/>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=81025>

[https://www.winterwatch.net/2021/06/the-truth-revealed-about-the-deadly-1918-spanish-flu-it-was-actually-bacterial-pneumonia/?fbclid=IwAR0m2EHHTjTqTYmgQOx0-L8MHFmQZN\\_ilfOb8HfdNGNqglXo\\_M7Yrqxfpmc](https://www.winterwatch.net/2021/06/the-truth-revealed-about-the-deadly-1918-spanish-flu-it-was-actually-bacterial-pneumonia/?fbclid=IwAR0m2EHHTjTqTYmgQOx0-L8MHFmQZN_ilfOb8HfdNGNqglXo_M7Yrqxfpmc)

[https://www.nrk.no/livsstil/\\_en-medisinsk-katastrofe-1.10880384](https://www.nrk.no/livsstil/_en-medisinsk-katastrofe-1.10880384)

[https://web.archive.org/web/20130613111951/http://www.newmediaexplorer.org/spp/2010/09/19/us\\_cdc\\_hides\\_vaccine\\_related\\_miscarriages\\_recommends\\_flu\\_shot\\_health\\_supreme\\_newsgrabs\\_sunday\\_19\\_september\\_2010.htm](https://web.archive.org/web/20130613111951/http://www.newmediaexplorer.org/spp/2010/09/19/us_cdc_hides_vaccine_related_miscarriages_recommends_flu_shot_health_supreme_newsgrabs_sunday_19_september_2010.htm)

<https://www.skyhorsepublishing.com/9781510769083/the-war-on-informed-consent/?eType=EmailBlastContent&eld=25f034b7-0ad9-4638-a06f-35a346588005>

<https://expose-news.com/2022/09/22/pfizer-covid-vaccine-alters-your-dna/>

<https://www.thegatewaypundit.com/2021/12/forbes-changes-headline-admits-mrna-vaccines-alter-dna-change-back/>

<https://archive.ph/bKe2M>

<https://expose-news.com/2022/09/21/30-years-of-ukgov-experts-cover-up/>

<https://archive.ph/r2YQ9>

<https://archive.ph/tMlby>

[https://voiceforscienceandsolidarity.substack.com/p/vss-scientific-updates-during-pandemic-922?utm\\_source=post-email-title&isFreemail=true&utm\\_medium=email](https://voiceforscienceandsolidarity.substack.com/p/vss-scientific-updates-during-pandemic-922?utm_source=post-email-title&isFreemail=true&utm_medium=email)

<https://lionessofjudah.substack.com/p/a-valuable-article-from-2013-the>

<https://archive.ph/ac2JA>

<https://rumble.com/v1i4fjt-against-the-wind-episode-49-with-dr.-meryl-nass.html>

<https://www.wochenblick.at/corona/uebersterblichkeit-2022-trotz-ein-drittel-weniger-covid-toter-als-im-vorjahr/>

<https://expose-news.com/2022/09/25/75percent-increase-deaths-children-europe/>

<https://expose-news.com/2022/09/25/manipulation-of-data-and-testing-during-the-pandemic/>

[https://www.sourcewatch.org/index.php/Foster\\_child\\_drug\\_trials](https://www.sourcewatch.org/index.php/Foster_child_drug_trials)

<https://dailyexpose.uk/2022/04/22/from-covid-to-biolabs-all-roads-lead-to-usdtra/>

[https://www.theepochtimes.com/mkt\\_app/fauci-was-told-privately-by-key-scientists-that-natural-origin-was-highly-unlikely-newly-unredacted-emails-confirm\\_4207003.html?fbclid=IwAR2PB4KchknUh1tJ8Cpb0VhywVe2mIt92P9vi1WXCUsHWUYc\\_kZSnzykqNM?v=ul](https://www.theepochtimes.com/mkt_app/fauci-was-told-privately-by-key-scientists-that-natural-origin-was-highly-unlikely-newly-unredacted-emails-confirm_4207003.html?fbclid=IwAR2PB4KchknUh1tJ8Cpb0VhywVe2mIt92P9vi1WXCUsHWUYc_kZSnzykqNM?v=ul)

<https://www.youtube.com/watch?v=KLQCDrzBlf0>

[https://rairfoundation.com/exposed-klaus-schwabs-school-for-covid-dictators-plan-for-great-reset-videos/?fbclid=IwAR0JNk1\\_CC5cRz6P23MBxEQLw0dpkY6YL0g5NVpHzshED9o\\_Gb5VqAXNL20](https://rairfoundation.com/exposed-klaus-schwabs-school-for-covid-dictators-plan-for-great-reset-videos/?fbclid=IwAR0JNk1_CC5cRz6P23MBxEQLw0dpkY6YL0g5NVpHzshED9o_Gb5VqAXNL20)

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-10451919/EU-watchdog-orders-Ursula-von-der-Leyen-hand-secret-texts-sent-Pfizers-CEO.html?fbclid=IwAR2QOjQnp67jZZ95KMTMbnhC7K5Lfy1PYSDDXnU6MHjLAXtDvoKm-EXNBM>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/19/covid-criminal-network-leads-to-gates-of-hell/>

<https://dailyexpose.uk/2021/09/27/the-gates-foundation-has-funded-organisations-to-the-amount-of-us71-billion-during-the-past-three-decades-and-uk-institutions-have-accepted-us3-billion-of-it/>

<https://clubderklarenworte.de/wp-content/uploads/2021/09/Netzwerkanalyse-Corona-Komplex.pdf>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/17/jcvi-advises-the-jab-for-5-to-11-year-olds-but-dont-advise-us-of-their-links-with-pfizer-the-gates-foundation/>

<https://www.wochenblick.at/corona/rekord-uebersterblichkeit-in-der-europaeischen-union/>

<https://brownstone.org/articles/the-naked-absurdity-of-global-public-health/>

